Agaferill Öldusélsskóla

1. stig

Hegðun

- Þras
- Ögrun
- Rifrildi
- Veldur öðrum kvíða og óöryggi
- Gengur illa um
- togar/ýtir/hrindir
- Fer ekki eftir fyrirmælum

Vinnuferli

1. Umsjónarkennari skráir atvikið og setur í persónumöppu nemandans. Býður nemanda að lagfæra hegðun sína – fara Leið 1

Nemandi sýnir áfram óásættanlega hegðun

2. Umsjónarkennari hringir eða sendir foreldrum tölvupóst.

Nemandi sýnir óásættanlega hegðun í 3ja sinn

3. Umsjónarkennari boðar foreldra og nemanda á fund þar sem gerður er sáttmáli um bætta hegðun. Niðurstaða fundar er skráð og sett í persónumöppu.

Ef hegðun lagast ekki er farið eftir ferli á stigi 2.

2. stig

Hegðun

- **Óviðeigandi eða særandi**
- **Niðrandi orðbragð**
- **<u>Neitar</u> að fylgja fyrirmælum**
- **Ósannsögli eða svindl**
- **Áreiti, hrekkir, stríðni, hrækir**
- **Slagsmál eða önnur ógnandi hegðun**

Vinnuferli

1) Umsjónarkennari býður nemanda að lagfæra hegðun sína – fara Leið 1.

Nemandi hefur hafnað boði um leið 1 eða brotið samkomulag

2) Nemandi er sendur til stjórnanda sem ræðir við nemanda. Nemandi fær að fara aftur inn í kennslustund. Stjórnandi skráir á Mentor og í persónumöppu.

Búið að senda til stjórnenda í 2 skipti

3) Þriðja skipti sem nemandi er sendur til stjórnenda fær nemandi ekki að fara aftur inn í kennslustund þennan sama dag. Stjórnandi kallar foreldra á fund ásamt umsjónarkennurum þar sem gerður er sáttmáli.

Máli nemandans vísað til nemendaverndarráðs.

3. stig

Hegðun - LÖGBROT

- **Gróft ofbeldi/ ógnandi hegðun/hótun**
- **Skemmdarverk/ innbrot í skóla eða tölvukerfi / þjófnaður**
- **Annað (vopn, eldfæri, tóbak, áfengi, fíkniefni)**

Vinnuferli

1) Nemanda vísað til skólastjórnanda sem hefur samband við foreldra. Nemandi mætir ekki aftur í tíma fyrr en að afloknum fundi með foreldrum. Máli er vísað til nemendaverndarráðs sem skoðar möguleg úrræði fyrir nemanda.

Möguleg úrræði:
Þjónustumiðstöð Breiðholts, Skóla- og frístundasvið, Barnavernd